



Samráðsgátt stjórnvalda,
Dómsmálaráðuneytið
Mál nr. 218/2023

Reykjavík, 20. nóvember 2023

Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á réttarfarslöggjöf (miðlun og form gagna, fjarþinghöld og birting ákæru í stafrænu pósthólfi)

Samtök atvinnulífsins og Samtök fjármálafyrirtækja (hér eftir sameiginlega nefnd samtökin) hafa tekið til skoðunar drög að frumvarpi um breytingar á réttarfarslöggjöf (miðlun og form gagna, fjarþinghöld og birting ákæru í stafrænu pósthólfi) sem birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda. Þegar á heildina er litið er ánægja með frumvarpsdrögin og telja samtökin drögin fela í sér hugmyndir að tímabærri þróun á þessu réttarsviði.

Á þessu stigi máls telja samtökin rétt að nefna svo virðist sem ekki standi til að gera breytingar á reglum um birtingu stefnu, sbr. 5. tölul. 49. gr. frumvarpsdraganna þannig að nýttar verði stafrænar leiðir til þess. Í greinargerð virðist ekki vera að finna umfjöllun hvers vegna ekki er stigið skref í þá átt að nýta leiðir til stafrænnar birtingar stefnu. Það væri ákjósanlegt að birta megi stefnu í miðlægu stafrænu pósthólfi stjórnvalda eins og lagt er til að gert verði með birtingu ákæru í frumvarpsdrögunum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í drögum að frumvarpi um breytingu á lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu (stafræn málsmeðferð) sem birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. 217/2023), er lagt til í 5. gr. d frumvarpsdraganna (71. gr. d. aðfararlaga) að gögn sem birt eru í stafrænu pósthólfi stjórnvalda teljist birt viðtakanda. Ákvæðið hljóðar svo.

d. (71. gr. d) Þegar áskilið er í lögum þessum að gögn skulu birt á ákveðinn hátt, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, skal birting í miðlægu stafrænu pósthólfi stjórnvalda teljast fullnægjandi birting. Þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt viðtakanda. Hafi frestur verið tiltekinn þá telst hann frá næsta virka degi. Erindi eða önnur gögn teljast komin til dómstóls eða sýslumanns þegar starfsmenn þeirra eiga þess kost að kynna sér efni þeirra. Dómstóll og sýslumaður skulu að eigin frumkvæði staðfesta að þeim hafi borist gögn, eftir því sem unnt er.

Möguleiki á rafrænni birtingu stefnu myndi falla að markmiðum frumvarpsdraganna um að gera samskipti þeirra sem vinna á grunni löggjafarinnar tæknilega hlutlaus og skapa forsendur til að nýta tæknilausnir í ríkari mæli. Samtökin óska eftir því að ráðuneytið taki til skoðunar hvort

mögulegt er að móta lagaákvæði sem gera ráð fyrir möguleika á stafrænni birtingu stefnu í stafrænu pósthólf.

Að lokum þakka samtökin fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarpsdrögin og eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til frekara samtals um málið ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir, lögmaður